

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Eiríki Kristóferssyni skipherra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurgeir Sigurdórsson, greiði stefnanda, Herði Einarssyni, kr. 20.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. apríl 1961 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað. Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda til handa í m/b Aldísi, RE 9, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 25. nóvember 1966.

Nr. 101/1966.

Gústaf A. Sveinsson

f. h. Tórfríður Abrahamsen

(Gústaf A. Sveinsson hrl.)

gegn

Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey

(Árni Guðjónsson hrl.)

og svo gegn

Martha Simonsen, Sigurð Simonsen, Árna S.

Simonsen og Sigurð S. Simonsen

(Benedikt Blöndal hrl.)

og

Fiskiveiðahlutafélagið Akurey

gegn

Tórfríður Abrahamsen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Þórhallur Sæmundsson bæjarfógeti og samdómendurnir Guðmundur E. Guðjónsson og Pálmi Sveinsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 21. júní 1966 og birtri 5. ágúst s. á., og krafizt þess, að gagnáfrýjandi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, og svo stefndu, Martha Simonsen, Sigurð Simonsen, Árni S. Simonsen og Sigurð S. Simonsen, verði dæmd til að greiða honum óskipt danskar krónur 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og vangoldið orlofsfé hans, danskar krónur 196.98, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Hann krefst og, að staðfestur verði með dómi sjóveðréttur í b/v Akurey, AK 77, TFHC, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1966 og krafizt þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Íslenzkir dómstólar eiga lögsögu í máli aðaláfrýjanda á hendur stefndu, sbr. 43. gr. laga nr. 67/1963.

Staðfesta ber héraðsdóm í máli aðaláfrýjanda á hendur stefndu. Málskostnaður í máli þessara aðilja skal falla niður fyrir Hæstarétti.

Með samningi milli gagnáfrýjanda og stefndu máls þessa, dags. 14. apríl 1964, veitti gagnáfrýjandi, eigandi b/v Akureyjar, AK 77, stefndu heimild til að sigla skipi þessu „eina veiðiferð á venjulegar fiskislóðir Færeyinga, enda standi veiðiferðin ekki lengur en 3 almanaksmanuði“. Aðaláfrýjandi var einn þeirra skipverja, sem hinn 12. maí 1964 voru lögskráðir á skipið til veiðiferðar á Grænlandsmið. Var hann afskráður af skipinu 5. september 1964. Er fjárhæð sú, sem hann krefur sér dæmda í máli þessu, eftirstöðvar af launum hans í fiskiferð þessari ásamt orlofsfé. Liggur fyrir í málinu yfirlýsing frá „Umsitingardeild“ í Færeyjabanka, staðfest af Sigurð Simonsen skipstjóra 10. apríl 1965, að eftirstöðvar kaupsins séu þær, sem að framan segir. Þá hefur J. Sund-

stein, löggiltur endurskoðandi, lýst því í bréfi 28. desember 1964, að hann hafi yfirfarið yfirlitsreikning nefnds banka um fiskiferð áminnsts botnvörpungs, borið reikninginn saman við bókhaldið og gengið úr skugga um, að rétt væri með farið.

Saltfiskafli b/v Akureyjar í nefndri fiskiför til Grænlands var settur á land í Esbjerg dagana 9. til 13. september 1964. B/v Akurey mun hafa komið til Færeyja frá Esbjerg 29. september 1964. Með því að hætta vofði yfir, að skipið yrði kyrrsett í Færeyjum vegna sjóveðkrafna skipverja, sendi Landsbanki Íslands hinn 3. nóvember 1964 Færeyjabanka svohljóðandi símskeyti: „Landsbanki Íslands ábyrgist greiðslu á kröfu föroyafiskimannafélagsins vegna b/v Akureyjar, að fjarhaed alltað 100 thusund faereyskar kronur samkvæmt dómi eða úrskurði stop Simtilkynnið foeroya-fiskimannafélaginu“. Var gagnáfrýjanda síðan skilað skipinu. Hann seldi það til Noregs hinn 6. september 1966.

Með stefnu 2. október 1965 höfðaði aðaláfrýjandi mál á hendur gagnáfrýjanda til greiðslu launaeftirstöðva sinna, orlofsfjár ásamt vöxtum og kostnaði. Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 átti aðaláfrýjandi sjóveðrétt í b/v Akurey fyrir launakröfum sínum. Eftir 1. mgr. 231. gr. siglingalaganna er kröfuhafi sjálfráður að höfða mál, hvort hann vill heldur á hendur útgerðarmanni eða skipstjóra til fullnægingar á kröfu, sem sjóveð er fyrir í skipi. Útgerðarmaður táknar hér eiganda skips, svo sem sjá má af 2. mgr. 231. gr., þar sem gerður er greinarmunur á útgerðarmanni og öðrum manni, „sem gerir skipið út á sjálfs sin kostnað“. Að svo vöxnu máli þykir mega skýra orðin dóm eða úrskurð í ábyrgðaryfirlýsingu Landsbanka Íslands þannig, að þau taki einnig til dóms eða úrskurðar á hendur gagnáfrýjanda, enda var bankaábyrgðin sett til þess að afstýra því, að gengið væri að b/v Akurey sem sjóveði í Færeyjum til fullnægingar á launakröfum skipverja. Hér er þess og að minnast, að í máli þessu gengur og dómur á hendur stefndu til greiðslu á kröfu aðaláfrýjanda.

Yfirlýsingu þá, sem Landsbanki Íslands setti hinn 3. nóv-

ember 1964, verður að skýra þannig, að hún tryggi greiðslu á þeim launakröfum, sem þá var sjóveð fyrir í b/v Akurey samkvæmt dómi, er síðar gengi. Hefur gagnáfrýjandi með setningu þessarar bankaábyrgðar undirgengizt að greiða kröfu aðaláfrýjanda, sem samkvæmt gögnum málsins hefur reynzt rétt.

Svo sem áður sagði, var síðasti söludagur afla b/v Akureyjar í Esbjerg hinn 13. september 1964. Færejabanki hefur í símskeyti 23. nóvember 1966 lýst því, að andvirði aflans hafi verið flutt til bankans hinn 22. september 1964, en bankanum hafi í fyrsta lagi hinn 5. október 1964 borizt skilagrein nafngreinds miðlara í Esbjerg, dags. 1. október 1964. Samkvæmt 6. tl. 232. gr. siglingalaga nr. 66/1963 helzt sjóveðréttur í skipi fyrir launakröfum skipverja allt að eitt ár, frá því að kröfur þessar falla í gjalddaga. Aðaláfrýjandi höfðaði mál þetta með stefnu 2. október 1965 og birtri sama dag. Telja verður, að gjalddagi kröfu aðaláfrýjanda hafi verið þá, er útgerðarmenn máttu í fyrsta lagi gera honum reikningsskil, en það var, er skilagrein miðlarans barst Færejabanka. Að svo vöxnu máli verður eigi talið, að sjóveðkrafa aðaláfrýjanda hafi verið fyrnd, þá er stefna í málinu var birt gagnáfrýjanda, sbr. 11. gr. laga nr. 14/1905.

Hinn 6. september 1966 seldi gagnáfrýjandi Bjarne Bendiksen, Tromsø, Noregi, b/v Akurey, AK 77, fyrir n. kr. 275.000.00. Þar sem sjóveðréttarkrafa aðaláfrýjanda hvíldi á skipinu við söluna, varð gagnáfrýjandi sjálfskuldaraðili að henni samkvæmt 223. gr. siglingalaga nr. 66/1963, þótt sjóveðrétturinn haldist samkvæmt 2. mgr. 219. gr. sömu laga.

Með skírskotun til þess, sem að framan er rakið, ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda óskipt með stefndu d. kr. 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og d. kr. 196.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst isl. kr. 19.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður í máli aðaláfrýjanda, Gústafs A. Sveinssonar f. h. Tórfríður Abrahamsen, gegn stefndu, Martha Simonsen, Sigurð Simonsen, Árna S. Simonsen og Sigurð S. Simonsen, og fellur málskostnaður þeirra á milli niður fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, greiði aðaláfrýjanda óskipt með stefndu d. kr. 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og d. kr. 196.98 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags. Þá greiði gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals ísl. kr. 19.000.00.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Akraness 22. marz 1966.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. marz s. l., er af stefnanda, Tórfríður Abrahamsen, Fuglafirði, Færeyjum, höfðað gegn Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey á Akranesi svo og í framhaldssök og aukamáli gegn þeim Árna S. Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, öllum í Fuglafirði í Færeyjum, með stefnu, útg. 2. okt. 1965 og birtri sama dag.

Aðalsök var þingfest 7. okt. 1965, en framhaldssökin og aukamálið voru þingfest hér hinn 27. jan. s. l. og stefnan í þeim útgefin 20. nóv. 1965.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að aukastefndu, Árni S. Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, verði ásamt aðalstefnda, Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey á Akranesi, dæmd in solidum til þess að greiða honum vangoldið kaup eða aflahlut að upphæð danskar krónur 2.024.62, orlofsfé danskar krónur 196.98 ásamt 6% ársvöxtum af fyrri upphæðinni frá 9. okt. 1964 til greiðsludags, en af síðari upphæðinni frá 1. maí 1965

til greiðsludags svo og málskostnað. Þá krefst stefnandi þess, að viðurkenndur verði með dómi sjóveðréttur hans fyrir áðurnefndum kröfum í botnvörpuskipinu Akurey, AK 77, TFHC, eign aðalstefnda.

Málavextir eru þeir, að stefnandi var hinn 12. maí 1964 lögskráður skipverji á b/v Akurey, AK 77, í veiðiferð til Grænlandsmiða, en afskráður af sama skipi 5. sept. 1964. Hafa aukastefndu, sem voru leigutakar skipsins og útgerðarmenn, viðurkennt réttmæti kaupkröfu og orlofsfjár hans, en mótmælt málskostnaðarkröfum sem of háum.

Af hálfu stefnanda hefur hrl. Gústaf A. Sveinsson haldið því fram, að auk þess sem aðalstefndi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, hafi lofað að greiða hina umstefndu kaupkröfu og sett bankatryggingu fyrir henni, hafi stefnandi sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, til tryggingar öllum dómkröfum hans í þessu máli. Frumrit skipshafnarskrárinnar er lagt fram í málinu.

Af hálfu aðalstefnda, F.v. h/f Akurey, hefur hrl. Árni Guðjónsson haldið því fram, að mál þetta sé ólöglega höfðað, þar eð fyrst sé stefnt fyrir sjóveðkröfuna, en síðar gegn leigutökum skipsins með aukastefnu. Á þetta verður ekki fallizt. Ber því að dæma málið hér að efni til í einu lagi, aðalsök, framhaldssök og aukamál, en í því mætti við munnlegan flutning málsins hinn 15. marz s. l. hdl. Ragnar Aðalsteinsson af hálfu hinna fjögurra aukastefndu.

Sátta var leitað í öllum framangreindum málum, en án árangurs. Stefnandi og aðalstefndi hafa krafizt málskostnaðar. Af hálfu aðalstefnda, F.v. h/f Akurey, hefur því verið neitað, að aðalstefndi hafi skuldbundið sig til greiðslu á hinum umstefndu kröfum stefnanda, þar sem skilyrði þau, sem sett voru af hans hálfu fyrir greiðslunni, hafi aldrei verið uppfyllt. Skilyrði þessi voru, að fengin væri aðfararhæf yfirlýsing hinna aukastefndu fyrir hinum vangoldnu kaupkröfum. Yfirlýsingar þessar komu ekki nema gallaðar, þ. e. ódagsettar, óvottfestar og engin loforð um greiðslur, heldur einungis að þau skuldi kaupkröfur þessar. Af skjölum málsins er þannig ekki að finna skilyrðislaust greiðsluloforð aðalstefnda á umstefndri kaupkröfu. Verður því að sýkna aðalstefnda af kröfu þessari.

Þá er að líta á kröfu stefnanda um sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, eign aðalstefnda, fyrir dómkröfum hans í þessu máli, sem viðurkenndar eru af hinum aukastefndu. Af hálfu aðalstefnda er

kröfunni um sjóveðrétt mótmælt sem fyrndri, þar sem mál þetta er ekki höfðað innan eins árs frá afskráningu stefnanda af skipinu, heldur 27 dögum síðar. Í núgildandi siglingalögum nr. 66 frá 1963 er í 232. gr., 6. tölulið, ákveðinn fyrningarfrestur sjóveðréttar fyrir kaupkröfum skipverja eitt ár frá gjalddaga. Í siglingalögum nr. 56/1914 var fyrningarfresturinn eitt ár, frá því starfstíma skipverja á skipinu lauk. Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að fyrningarfrestur sjóveðs fyrir kaup skipverja hafi breytt með gildistöku áðurgreinds ákvæðis í 232. gr. laganna frá 1963 og að gjalddagi fari nú eftir frestum, er gefnir eru til loka reikningsuppgjors í ráðningarsamningum skipverja. Í athugasemdum við frumvarpið að lögum frá 1963 er ekkert minnst á orðalagsbreytingu þessa. Verður því að ætla, að svo þýðingarmikil breyting á fyrningarákvæðunum, sem af hálfu stefnanda er haldið fram, að hér hafi verið gerð, hafi annað hvort orðið óvart eða að löggjafinn hafi talið, að orðin „frá gjalddaga“ skyldu merkja hið sama og orðin „frá því starfstíma lauk“ í 252. gr. siglingalaganna frá 1914. Sjóveðréttur verður ekki fenginn nema með dómi. Um gjalddaga sjóveðkröfu verður að fara eftir lagastaf íslenzkrar löggjafar. Ákvæði um uppgjörfrestir teljast ekki lög í þessu sambandi, hvort sem erlendir eða íslenzkir eru þar samningsaðilar, enda ekki þörf á uppgjörfrestri, ef gjalddagi er ekki kominn áður. Gjald-dagi sjóveðkrafna skipverja telst því eftirleiðis, svo sem hingað til hefur verið talið, sá dagur, þegar starfstíma skipverjans lýkur á skipi. Kröfu stefnanda um sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, fyrir kröfum sínum þer því að hafna, með því að sjóveðréttur í skipinu fyrir kaupkröfu hans er fyrndur, þegar mál þetta er höfðað. Eftir þessum úrslitum telst hæfilegt, að stefnandi, G. A. Sveinsson fyrir Tórfríður Abrahamsen, greiði aðalstefnda, F.v. h/f Akurey, kr. 500.00 ísl. í málskostnað.

Í aukamáli stefnanda gegn sakaukastefndu liggur fyrir viðurkenning af hálfu leigutaka skipsins, þ. e. aukastefndu Árna S. Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, sem hér hafa látið mæta fyrir sig. Verður því að taka kröfu stefnanda um dóm á hendur þeim til greina að öðru leyti en því, að málskostnaðarkrafan á hendur þeim þykir hæfilega ákveðin 1.500.00 krónur ísl. til stefnanda.

Á uppkvaðningu dóms þessa hefur orðið nokkur dráttur, sem stafar af annríki dómsformanns og af því, hve málið er umfangsmikið.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Fiskiveiðahlutafélagið Akurey, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Tórfríður Abrahamsen, í máli þessu. Kröfu hans um sjóveðrétt í b/v Akurey, AK 77, TFHC, er synjað.

Stefnandi greiði aðalstefnda, Fiskiveiðahlutafélaginu Akurey, 500.00 krónur ísl. í málskostnað.

Sakaukastefndu, þau Árni Simonsen, Sigurð S. Simonsen, Martha Simonsen og Sigurð Simonsen, öll í Fuglafirði, Færeyjum, skulu greiða in solidum stefnanda, Tórfríður Abrahamsen, danskar krónur 2.024.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 9. október 1964 og danskar krónur 196.98 í orlofsfé með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1965 til greiðsludags og 1.500.00 krónur ísl. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 14 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. nóvember 1966.

Nr. 59/1966. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h. borgarsjóðs**
(Hjörtur Torfason hdl.)

gegn

Guðjóni Hólm

Jóhannesi Johannessen

Verzlunarbanka Íslands h/f

Dánarbúi Halldórs Ólafssonar

Gjaldheimtunni í Reykjavík

Hauki Jónssyni

Einari Viðar

Veðdeild Landsbanka Íslands og

(Bárður Jakobsson hdl.)

Guðna Þ. Theódórssyni (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfrýjun. Nauðungaruppboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1966 og krafizt þess, að húsið nr. 119 við